

Miðvikudaginn 9. september 1998.

Nr. 370/1998.

**Stefán Árnason og
Sólveig Bragadóttir**

(Sigurður Gizurarson hrl.)

gegn

Ólafi Björnssyni

(sjálfur)

Kærumál. Útburður. Frávísun máls frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðilar skutu málinu til Hæstaréttar með kæru 10. ágúst 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 1. september sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 6. ágúst 1998, þar sem tekin var til greina krafa varnaraðila um, að honum yrði heimilað að fá sóknaraðila borna út af jörðinni Dalsmynni á Kjalarnesi með beinni aðfarargerð. Kæruheimild er í 4. mgr. 84. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 102. gr. laga nr. 92/1991. Sóknaraðilar krefjast þess, að hafnað verði kröfu varnaraðila um aðför.

Varnaraðili krefst þess, að úrskurður héraðsdómara verði staðfestur, svo og, að sóknaraðilum verði gert að greiða kærumálskostnað.

Samkvæmt endurriti úr gerðabók sýslumannsins í Reykjavík, sem varnaraðili hefur lagt fyrir Hæstarétt, var tekin fyrir 18. ágúst sl. krafa hans um útburðargerð í samræmi við niðurstöðu hins kærða úrskurðar. Við það tækifæri afhenti lögmaður sóknaraðila lykla að húsum á jörðinni, og í kjölfarið veitti fulltrúi sýslumanns varnaraðila umráð fasteignarinnar. Af þessum sökum hafa sóknaraðilar ekki lengur réttarhagsmuni af því, að hinn kærði úrskurður komi til endurskoðunar fyrir Hæstarétti, sbr. meðal annars dóm réttarins í dómasafni 1994, bls. 1581. Verður málinu því vísað sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Sóknaraðilar verða dæmd til að greiða varnaraðila kærumálskostnað, eins og nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðilar, Stefán Árnason og Sólveig Bragadóttir, greiði
í sameiningu varnaraðila, Ólafi Björnssyni, 30.000 krónur í
kærumálskostnað.
